



**Skólaráð Tjarnarskóla**  
**fundargerð 11. fundar**  
( 3. fundur á skólaárinu 2012-2013)  
**Þriðjudaginn 16. apríl 2013 kl. 15:00**

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri  
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, ritari  
Viktoría Gílsdóttir, kennari  
Ragnheiður Hanson, grenndarsamfélagi / foreldrahópi  
Elín J. Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra  
Steinarr Lár Steinarsson, fulltrúi foreldra  
Isabelle Helga Poppé Bailey, fulltrúi nemanda og fulltrúi í nemendaráði.  
Selma Björk Hermannsdóttir, fulltrúi nemanda og fulltrúi í nemendaráði.

Þeir sem komusti ekki á fundinn:  
Þórir Andri Karlsson, kennari

Auk þeirra: Fulltrúar í nemendaráði;

*Agnes Jórunn Andrésdóttir, 10. bekk*  
*Mikael Dagur Hallsson, 8. bekk*

Fundarritari var Helga Júlía Vilhjálmsdóttir

Margrét bauð alla velkomna og setti fundinn.

### **1. Heildarmat Skóla – og frístundasviðs, úrvinnsla; opinn fundur 7. maí**

Fyrsta mál á dagskrá var næsti fundur skólaráðs sem verður opinn fundur með nemendum, foreldrum og starfsmönnum skólans. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 7. maí hér í skólanum frá klukkan 16:30 – 18:00. Á fundinum verða ræddar ábendingar úr heildarmatinu. Margrét benti á að niðurstöður úr heildarmatinu væru komnar út og aðgengilegar á heimasíðu skólans. Steinarr kom með tillögu um að sniðugt væri að senda slóð á skýrsluna í póstinum um fundinn og gott væri að hvetja foreldra og nemendur til að kynna sér skýrsluna áður en þeir kæmu á fundinn. Þessari tillögu var vel tekið í þessa og Helga ætlar að sjá til þess að þetta komi fram í fundarboðinu.

Þetta tækifæri (opni fundurinn) verður notað til þess að sýna rannsóknarverkefni vetrarins og 10. bekkingar ætla að vera með kaffisölu. Selma og Agnes tóku að sér að tala við bekkinn og skipuleggja sölu á „hlaðborði.

## 2. Skóladagatal og starfsáætlun 2013 – 2014.

Næsta mál á dagskrá var að fara yfir skipulag skóladagatala næsta skólaárs 2013 – 2014. Margrét benti á að á skólaárinu væru 180 kennsludagar. Farið var yfir skóaltímabilið og óskað eftir athugasemdum og tillögum. Skólasetningardagur verður 21. ágúst og haustfundur með foreldrum er áætlaður 3. og 4. september. Fulltrúar foreldra eru almennt mjög ánægðir með þessa kynningarfundum. Steinarr spurði hvort ekki væri betra að flýta þessum fundum um viku. Margrét benti á að fyrstu dagarnir færu í að kynna hverjum og einum og að meðan verið væri að snúa skólaförum í gang væri mikið álag á starfsfólki. Haustferðin verður 12. – 13. september og samræmd könnunarpróf síðustu vikuna í september. Farið var yfir vetrarfríð sem er samræmt hjá öllum skólum á höfuðborgarsvæðinu og benti Margrét á að kennarar hafi ákveðið að vera með fasta úrvinnsludaga eftir próf þar sem nemendur mæta ekki í skólann.

Mikael Dagur gerði athugasemd við fyrirkomulag prófdagana og benti á að það væri betra að hafa prófin að jafnaði í fyrsta tíma. Steinarr fulltrúi foreldra tók undir þetta og fannst þetta góð tillaga. Margrét ætlar að koma þessari ágætu athugasemd til kennara og taka tillit til hennar eftir því sem mögulegt væri (helst í 1. eða öðrum tíma). Þemadagar verða aftur í byrjun desember og hefðbundið jólafríð á vegum foreldra fimmtudaginn 27. nóvember. Jólafríð hefst 21. desember (síðasti skóladagur 20. des.) og skólaför hefst síðan að nýju 6. janúar. Ungbarnadagar eru á sínum stað og voru nemendur mjög sammála um mikilvægi þessara daga. (Hápunktur 10. bekkjar sagði Agnes).

Önnur önn hefst í lok febrúar og skíðaferðin er áætlun 12. – 13. mars. Þemadagar verða í vikunni fyrir páskafrí og nemendur voru sammála um að það fyrirkomulag væri mjög gott. Skólaslit eru síðan áætluð 6. júní.

Að loknum umræðum og athugasemdum var skóladagatalið 2013 – 2014 samþykkt.

## 3. Nemendaráð, gestir í skólaráði

Fulltrúar úr nemendaráði voru sérstakir gestir á þessum fundum og var því næsta mál á dagskrá að heyra í þeim. Margrét benti á að núna væri kjörið tækifæri fyrir þau að koma einhverju á framfæri sem brennur á nemendum. Selma sagði að nemendur væru almennt lítið að spá í því hvað skólaráð gerði og að enginn hafi komið til þeirra með athugasemdir fyrir fundinn. Margrét spurði nemendur hvernig fyrirkomulagið á nestistímanum í Kvos hafi verið þetta skólaár en Kvosar nemendur fengu undanþágu á þeim á 3. önn. Nemendur voru sammála um að halda þessu fyrirkomulagi, það væri gott að hafa smá ramma fyrst og fá síðan tækifæri á að sækja um undanþágu á síðustu önninni.

Nestismálin voru rædd og Ragnheiður benti á að hægt væri að kaupa samlokur frá Sóma og að þeir tækju afgangin af óseldum samlokum daginn eftir. Helga ætlar að skoða þessi mál.

Elín benti á að það væri sniðugt að setja upp hugmyndakassa fyrir skólaráðsfund þar sem nemendur gætu komið með hugmyndir sem skólaráðið gæti farið yfir.

Í lokin kom athugasemd frá Mikael Mána þar sem hann benti á að kennarar væru komnir of snemma niður á milli kennslustunda (eða í 5. mínúta frímínútunum).

#### 4. Önnur mál

- Rædd var hugmynd frá því í fyrra um að hafa einhverja huggulega stund (útskriftarkaffi) með nemendum og foreldrum 10. bekkjar eftir skólaslitin í vor. Elín tók vel í þessa hugmynd og bauðst til að vera fulltrúi foreldra í að skipuleggja kaffið. Selma og Agnes ætla að nefna þessa hugmynd við krakkana í 10. bekk.

Ákveðið var að næsti fundur í skólaráði yrði opni fundurinn þriðjudaginn 7. maí klukkan 16:30.

Fleira ekki gert, fundi slitið eftir rétt rúmlega klukkustund.

**HJV**